

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgara-
rétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um
mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað
og Njarðvíkurhreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: þrír kosnir af sameinuðu Alþingi, einn
kosinn af bæjarstjórn Keflavíkur og einn af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps. Hafn-
arstjórn skal kosin til fjögurra ára í senn. Ráðherra sá, sem fer með hafnarmál,
skipar formann hafnarstjórnar úr hópi stjórnarmanna.

Hafnarstjóri skal ráðinn sem fastur starfsmaður hafnarinnar og skipaður í
starfið af áðurnefndum ráðherra. Hafnarstjóri skal hafa framkvæmdastjórn og
daglegan rekstur hafnarinnar með höndum. Hann situr fundi hafnarstjórnar og
hefur þar tillögurétt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skulu bæjarstjórn Keflavíkur og hreppsnefnd Njarð-
víkurhrepps kjósa hvor um sig mann í stjórn landshafnarinnar, og skal kjörtími
þeirra vera til ársloka 1965.

Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.